

LEIÐBEININGABLAÐ 4

UM BREYTINGAR Á SVÆÐISSKIPULAGI

Svæðisskipulag er skipulagsáætlun sem tekur yfir fleiri en eitt sveitarfélag og er gert að frumkvæði viðkomandi sveitarstjórna eða Skipulagsstofnunar. Hlutverk þess er að setja fram stefnu í þeim þáttum skipulagsmála sem þörf er talin á að samræma á tilteknu svæði. Skipuð er samvinnunefnd sem annast gerð svæðisskipulags en hlutaðeigandi sveitarstjórnir bera ábyrgð á framfylgd þess.

Stefnumörkun svæðisskipulags skal ná til minnst 12 ára tímabils en í upphafi hvers kjör-tímabils skulu sveitarstjórnir meta hvort ástæða er til endurskoðunar. Í 14. gr. skipulags- og byggingarlaga er mælt fyrir um hvernig farið skuli með breytingar á svæðisskipulagi sem viðkomandi sveitarstjórnir ákveða að gera á milli reglubundinnar endurskoðunar. Máls-meðferð er mismunandi eftir því hvort breyting telst veruleg eða óveruleg.

SKIPULAGS- OG BYGGINGARLÖG nr. 73/1997 m.s.br., 14. gr. UM BREYTINGU Á SVÆÐISSKIPULAGI

„Nú telur sveitarstjórn sem er aðili að staðfestu svæðisskipulagi að breyta þurfi því og fer þá um málsmeðferð skv. 12. og 13. gr.

Nú telur sveitarstjórn að gera þurfi breytingar á staðfestu svæðisskipulagi er séu það óverulegar að ekki sé talin ástæða til meðferðar skv. 3. mgr. 13. gr. og skal hún þá senda rökstudda tillögu um breytinguna til Skipulagsstofnunar. Áður skal hún hafa kynnt breytinguna öðrum sveitarstjórnnum sem aðild eiga að svæðisskipulaginu og auglýst hana með áberandi hætti. Tillögunni skal fylgja yfirlýsing sveitarstjórnar um að hún taki að sér að bæta það tjón er einstakir aðilar kunni að verða fyrir við breytinguna. Skipulagsstofnun skal senda tillöguna áfram til ráðherra ásamt umsögn sinni. Fallist ráðherra á breytinguna skal hún auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.”

TILVIK


Í hverju tilviki fyrir sig er metið hvort tillagan felur í sér verulega eða óverulega breytingu á gildandi svæðisskipulagi. Það mat byggir m.a. á stærð og staðsetningu svæðis sem breytingin nær til, hvort hún varðar hagsmuni margra og hvaða áhrif hún hefur á nærliggjandi svæði.

FERLI

Ef breyting á svæðisskipulagi er veruleg þarf að kalla saman samvinnunefnd, kynna breytingartillöguna meðal íbúa, hlutaðeigandi og aðliggjandi sveitarfélaga, auglýsa hana með áberandi hætti og hafa til sýnis í minnst 4 vikur. Frestur til athugasemda skal vera að lágmarki 6 vikur og hefst hann um leið og kynningartími. Að athugasemdafresti liðnum tekur samvinnunefnd afstöðu til athugasemda og sendir, innan 6 vikna, hlutaðeigandi sveitarstjórnnum niðurstöðu sína ásamt athugasemdum og umsögnum um þær. Hún auglýsir jafnframt niðurstöðu sína og sendir þeim sem gerðu athugasemdir umsögn sína.

Sveitarstjórnir hafa síðan 6 vikur til að fjalla um athugasemdir sem bárust og niðurstöðu samvinnunefndar og teljast samþykkar ef þær tjá sig ekki. Að þessu loknu er samþykkt breyting á svæðisskipulagi send Skipulagsstofnun sem gerir tillögu til umhverfisráðherra um lokaafgreiðslu. Ef ráðherra staðfestir breytinguna birtir hann auglýsingu þess efnis í B-deild Stjórnartíðinda.

FERLI vegna verulegrar breytingar á svæðisskipulagi skv. 1. mgr. 14. gr.



GÖGN vegna verulegrar breytingar

1. Breytingartillagan:

- ◆ **Uppdráttur** sem sýnir:
 - Gildandi svæðisskipulag á því svæði sem breytingin nær til og afmörkun þess.
 - Tillögu um breytt skipulag.
 Báðir hlutar uppdráttar skulu vera í sama mælikvarða og staðfest svæðisskipulag. Skýringartákn skulu sýnd eftir því sem við á.
- ◆ **Greinargerð** sem innifelur:
 - Lýsingu á þeim breytingum frá staðfestu svæðisskipulagi sem tillagan felur í sér.
 - Rökstuðning fyrir breytingunni, þ.m.t. forsendur og ástæður fyrir breytingunni.
 - Mat á áhrifum breytingarinnar á umhverfi, náttúruauðlindir og samfélag, sbr. gr. 3.3 í skipulagsreglugerð. Í þeim tilvikum sem breytingin felur í sér stefnumörkun sem varðar landnotkun og framkvæmdir sem tilgreindar eru í 1. og 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum, eða felur í sér grundvallarbreytingar á svæðisskipulaginu, þá þarf slíkt mat að uppfylla kröfur laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Sjá nánar leiðbeiningar Skipulagsstofnunar um umhverfismat áætlana á www.skipulag.is.
 Ef greinargerð er ekki sett fram á uppdrætti heldur í sérstöku skjali, þá þarf að vísa til hennar á uppdrætti og samþykktar- og staðfestingartexti þarf að koma fram á báðum skipulagsgögnunum.

Ef breyting felur í sér matsskylda framkvæmd sem ekki liggur fyrir úrskurður um skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.br. skal fyrirvari um niðurstöður slíks mats koma fram í undirritunartexta á uppdrætti og í greinargerð. Sjá nánar leiðbeiningablað Skipulagsstofnunar nr. 5.
- ◆ Leita þarf **umsagna** viðeigandi stofnana um tillöguna.
- ◆ Kröfur um gögn og framsetningu svæðisskipulags að öðru leyti eru skilgreindar í skipulagsreglugerð.

2. Í auglýsingu tillögunnar þarf að koma fram:

- ◆ Tilvísun í 1. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga.
- ◆ Staðsetning og heiti þess svæðis sem breytingin tekur til.
- ◆ Hvað felst í breytingunni.
- ◆ Hvar tillaga er til sýnis og hve lengi.
- ◆ Hver tímamörk til að gera athugasemdir eru og hvert skila skuli athugasemdum.
- ◆ Að þeir sem ekki gera athugasemdir teljist samþykkir tillögunni.

Auglýsingu skal birta í Lögbirtingablaði og með áberandi hætti, t.d. í dagblaði og/eða héraðsfréttablaði.

Mælt er með að auk lögboðinnar kynningar veki samvinnunefnd sérstaka athygli þeirra sem ætla má að breytingin varði, t.d. með dreifibréfi eða kynningarfundum.

3. Til afgreiðslu Skipulagsstofnunar og staðfestingar umhverfisráðherra:

- ◆ Afrit af auglýsingum um breytingartillöguna og lýsing á samráði og kynningu.
- ◆ Samþykktir og undirritaðir uppdrættir, og greinargerð ef við á, í 3 eintökum auk eins eintaks fyrir hvert hlutaðeigandi sveitarfélag.
- ◆ Afrit af umsögnum viðeigandi stofnana og athugasemdum sem bárust.
- ◆ Niðurstaða samvinnunefndar og umsagnir hennar um athugasemdir.
- ◆ Samþykktir sveitarstjórna.
- ◆ Afrit af auglýsingu samvinnunefndar um niðurstöðu sína.

DAEMI vegna verulegrar breytingar

1. Skipulagsuppdráttur tillögu að verulegri breytingu

Breyting á Svæðisskipulagi Suðurfjarða 1997-2017	Rauðhólar í Bæjarhreppi – iðnaðarsvæði <i>(heiti breytingar lýsi stað of efni tillögunnar)</i>
Staðfest svæðisskipulag	Greinargerð <i>Lýsing á því svæði sem breytingin tekur til, í hverju breytingin felst og hverjar forsendur hennar og áhrif eru.</i>
Dags. staðfestingar mkv. 1:??:000	Samþykkt og staðfesting Svæðisskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 13. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. var samþykkt í samvinnunefnd þann ____2006.
Tillaga að breytingu	Svæðisskipulagsbreyting þessi var afgreidd af Skipulagsstofnun til staðfestingar umhverfisráðherra þann ____2006.
Dags. uppdráttar mkv. 1:??:000	Svæðisskipulagsbreyting þessi var staðfest af umhverfisráðherra þann ____2006.
	Breytingin er staðfest með fyrirvara um niðurstöður mats á umhverfisáhrifum þeirra framkvæmda sem falla undir ákvæði laga nr. 105/2000 m.s.br.

2. Auglýsing tillögu í Lögbirtingablaði og með áberandi hætti

sbr. 2. mgr. 13. gr. skipulags- og byggingarlaga og gr. 6.2.1 í skipulagsreglugerð

Tillaga að breytingu á Svæðisskipulagi Suðurfjarða 1997-2017 Rauðhólar í Bæjarhreppi - iðnaðarsvæði

Samvinnunefnd um svæðisskipulag Suðurfjarða auglýsir skv. 1. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. tillögu að breytingu á svæðisskipulagi á jörðinni Rauðhólum í Bæjarhreppi.

Gerð er tillaga um svæði fyrir iðnaðarsvæði á landi sem skilgreint er til landbúnaðarnotkunar í gildandi svæðisskipulagi. Breytingartillagan verður til sýnis á skrifstofu Bæjarhrepps, Hvammi og skrifstofu Héraðssambands Suðurfjarða, Strandgötu 7 Þorgeirsfirði, frá og með miðvikudeginum 5. apríl nk. til og með miðvikudagsins 3. maí 2006. Tillagan er einnig til sýnis á heimasíðu Bæjarhrepps, www.baerjareppur.is.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingartillöguna. Frestur til þess að skila inn athugasemdum rennur út miðvikudaginn 17. maí 2006. Skila skal athugasemdum á skrifstofu Bæjarhrepps. Þeir sem ekki gera athugasemdir við breytingartillöguna fyrir tilskilinn frest teljast samþykkir henni.

Samvinnunefnd um svæðisskipulag Suðurfjarða

3. Auglýsing samvinnunefndar um niðurstöðu sína

sbr. 3. mgr. 13. gr. skipulags- og byggingarlaga og 2. mgr. gr. 6.3.1 í skipulagsreglugerð

Breyting á Svæðisskipulagi Suðurfjarða 1997-2017 Rauðhólar í Bæjarhreppi - iðnaðarsvæði

Samvinnunefnd um svæðisskipulag Suðurfjarða samþykkti þann 22. júní sl. tillögu að breytingu á Svæðisskipulagi Suðurfjarða 1992-2012. Tillagan felst í að landbúnaðarsvæði við Rauðhóla í Bæjarhreppi er breytt í iðnaðarsvæði.


Tillagan var auglýst þann 5. apríl og lá frammi til kynningar til 3. maí sl. Frestur til að skila athugasemdum rann út þann 17. maí og bárust 6 athugasemdir. Samvinnunefnd hefur afgreitt athugasemdirnar og sent þeim sem þær gerðu umsögn sína. Vegna framkominna athugasemda var iðnaðarsvæðið minnkað til vesturs.

Tillagan hefur verið send sveitarstjórnnum Suðurfjarða til samþykktar og hafa þær 6 vikur til að fjalla um niðurstöðu samvinnunefndar. Samþykkt tillaga mun síðan send Skipulagsstofnun sem gerir tillögu til umhverfisráðherra um lokaafgreiðslu. Þeir sem óska nánari upplýsinga um tillöguna og niðurstöðu samvinnunefndar geta snúið sér til hreppsskrifstofu Bæjarhrepps.

Samvinnunefnd um svæðisskipulag Suðurfjarða

FERLI vegna óverulegrar breytingar á svæðisskipulagi skv. 2. mgr. 14. gr.

Ef breyting telst óveruleg kynnir sú sveitarstjórn þar sem breytingin er áformuð, breytingartillöguna fyrir hlutaðeigandi sveitarstjórnnum og auglýsir hana með áberandi hætti. Þar komi fram að sveitarstjórn taki að sér að bæta það tjón sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna. Rökstudd tillaga er síðan send Skipulagsstofnun sem gerir tillögu til umhverfisráðherra um lokaafgreiðslu. Ef ráðherra staðfestir breytinguna birtir hann auglýsingu þess efnis í B-deild Stjórnartíðinda.



GÖGN vegna óverulegrar breytingar

1. Skipulagsuppdráttur tillögunnar:

- ◆ Uppdráttur eins og vegna verulegrar breytingar, sjá lýsingu í 1. lið á bls. 3 og dæmi á bls. 6. Auk þess þarf að koma fram á uppdrætti yfirlýsing sveitarstjórnar um að hún taki að sér að bæta það tjón sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

2. Auglýsing tillögunnar:

- ◆ Sambærileg við auglýsingu vegna verulegrar breytingar nema vísað skal til 2. mgr. 14. gr. í stað 1. mgr. Sjá lýsingu í 2. lið á bls. 3 og dæmi á bls. 6.

3. Til afgreiðslu Skipulagsstofnunar og afgreiðslu umhverfisráðherra:

- ◆ Afrit af auglýsingum um breytingartillöguna og lýsing á kynningu hennar.
- ◆ Samþykktir og undirritaðir uppdrættir, og greinargerð ef við á, í 3 eintökum auk eins eintaks fyrir hvert sveitarfélag sem á hlut að staðfestu svæðisskipulagi.
- ◆ Yfirlýsing sveitarstjórnar um að hún taki að sér að bæta það tjón sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

DÆMI vegna óverulegrar breytingar

1. Skipulagsuppdráttur tillögu að óverulegri breytingu

Breyting á Svæðisskipulagi Suðurfjarða 1997-2017	Grænhóll í Hofssveit – frístundabyggð (heiti breytingar lýsi stað og efni tillögunnar)
<p>Staðfest svæðisskipulag</p> <p>Dags. staðfestingar mkv. 1:??.000</p>	<p>Greinargerð</p> <p>Lýsing á því svæði sem breytingin tekur til, í hverju breytingin felst og hverjar forsendur hennar og áhrif eru.</p> <p>Samþykkt og staðfesting</p> <p>Svæðisskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. var samþykkt í samvinnunefnd þann ____2006.</p> <p>Sveitarstjórn Hofssveitar tekur að sér að bæta það tjón sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.</p> <p>_____</p> <p>Svæðisskipulagsbreyting þessi var afgreidd af Skipulagsstofnun til staðfestingar umhverfisráðherra þann ____2006.</p> <p>Svæðisskipulagsbreyting þessi var staðfest af umhverfisráðherra þann ____2006.</p> <p>_____</p> <p>Breytingin er staðfest með fyrirvara um niðurstöður mats á umhverfisáhrifum þeirra framkvæmda sem falla undir ákvæði laga nr. 105/2000 m.s.br.</p>
<p>Tillaga að breytingu</p> <p>Dags. uppdráttar mkv. 1:??.000</p>	

2. Auglýsing tillögu með áberandi hætti

sbr. 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga og 2. mgr. gr. 7.2.1 í skipulagsreglugerð

Tillaga að breytingu á Svæðisskipulagi Suðurfjarða 1997-2017 Grænhóll í Hofssveit - frístundabyggð

Sveitarstjórn Hofssveitar auglýsir skv. 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. tillögu að breytingu á Svæðisskipulagi Suðurfjarða 1997-2017. Gerð er tillaga um stækkun svæðis fyrir frístundabyggð við Grænhól til austurs. Sveitarstjórn bætir það tjón sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Tillagan hefur verið send sveitarstjórnnum Suðurfjarða til kynningar. Tillagan verður send Skipulagsstofnun sem gerir tillögu til umhverfisráðherra um lokaafgreiðslu.

Þeir sem óska nánari upplýsinga um tillöguna geta snúið sér til sveitarstjórnarskrifstofu Hofssveitar.

Sveitarstjóri Hofssveitar

SKIPULAGSSTOFNUN

Laugavegi 166 ♦ 150 Reykjavík

Sími 595 4100 ♦ Bréfasími 595 4165

Tölvupóstur skipulag@skipulag.is ♦ Heimasíða www.skipulag.is